



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2025

SKRG2UG03
(Umhirða I)

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson, Kári Aðalsteinsson, Berglind Ásgeirsdóttir og Ingibjörg Sigurðardóttir
----------	---

Áfangalýsing:

Nemandinn kynnist öllum helstu umhirðuþáttum og hvernig þeir eru framkvæmdir hvort sem er á grænum svæðum eða á malar og steinyfirborði. Lög og reglugerðir er varða kirkjugarða eru teknar fyrir og fjallað um sérstöðu kirkjugarða þegar kemur að umhirðu. Að lokum er fjallað um umhirðu gamalla garða og hverju þarf að huga sérstaklega að á svæðum þar sem gróður er farinn að eldast.

Undanfarar: VIST1IN03 (Vistfræði – inngangur), GRÓÐ2PN03 (Plöntunotkun), JARÆ2FV05 (Jarðvegur og ræktun), SKRG3BB07 (Skrúðgarðabyggingafræði B).

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu verkþáttum í umhirðu eins og grasslætti, illgresishreinsun, umhirðu trjágróðurs og öðru sem telst til umhirðu grænna svæða hvort sem er á einkalóð, opnum svæðum eða kirkjugörðum.
- Helstu leiðum í umhirðu á malar- og steinyfirborði.
- Lögum og reglum sem gilda um kirkjugarða á Íslandi.
- Umhirðu og umsjón gamalla garða.
- Notkun staðla og viðmiða í gerð umhirðuáætla

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Sinna umhirðuþáttum s.s. grasslætti, illgresishreinsun, umhirðu trjágróðurs og öðru því sem telst til umhirðu grænna svæða hvort sem er á einkalóð, opnum svæðum eða í kirkjugörðum.
- Sinna umhirðu á malar- og steinyfirborði.
- Nota staðla og viðmið í umhirðu einkagarða, opinna svæða og kirkjugarða.
- Sinna umhirðu gamalla garða.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Leysa af hendi helstu verkþætti sem teljast til umhirðu einkagarða og opinna svæða s.s. grasslátt, illgresishreinsun, almenna umhirðu trjágróðurs, viðhald malar- og steinyfirborðs og fleiru sem metið er með frágangi, útsjónarsemi, verkskipulagi og rökstuðningi.
- Skipuleggja og framkvæma umhirðu kirkjugarða innan þess ramma sem lög og reglur um kirkjugarða á Íslandi setja sem metið er með rökstuðningi, rökræðum, verkskipulagi og frágangi.
- Vinna eftir stöðlum og viðmiðum um æskilega ásynd svæða sem metið er með verkskipulagi, frágangi, útsjónarsemi og kynningum.
- Gera sér grein fyrir þeim vinnuaðferðum sem þarf að beita í umhirðu gamalla garða sem metið er með rökstuðningi, verkskipulagi, kynningum og frágangi.

Námsefni:

- Skróðgarðyrkja. Alhliða kennslubók í skróðgarðyrkju. Eftir Ágústu Erlingsdóttur og Kára Aðalsteinsson. Fæst á kennsluskrifstofu á Reykjum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Kennslu- vika	Dags.	Námsefni og viðfangsefni	Kennslu- stundir	Kennari
1	29.ágúst	Stutt innsetning og kynning á áfanganum. Svo tekur við verkleg kennsla utandyra með áherslu á Hóffífil. Skoðum einnig slátturóbotinn á Reykjum, uppsetningu, stjórnun og umhirðu ásamt því að ræða reynslu síðustu ára.	4	HHH
2	2.sept	Umhirða grassvæða. Farið í öll helstu atriði er varða umhirðu grassvæða s.s. slátt, loftun, mosaeyðingu og fleira. Verkefni 1 (10%) lagt fyrir.	4	HHH
3	9. sept	Grunnatriði í umhirðu mismunandi tegundahópa og mismunandi svæða innan garðsins.	4	HHH
4	16. sept	Flokkun gróðursvæða og skipulag umhirðu. Fjallað um hvernig við greinum umhirðuþætti svæða og flokkum eftir umhirðutíðni ofl. Stutt kynning á umhirðustöðlum sem farið verður ítarlegar í í Umhirðu 2.	4	HHH
5	26. sept	Verkefni 2 (20%) lagt fyrir.	2	HHH

6	30. sept	Verklegt utandyra. Tæki, tól og vinnubrögð.	4	HHH
7	7. okt	Verkleg kennsla utandyra. Uppsetning á vetrarskýlum fyrir viðkvæmar plöntur. Settir niður haustlaukar.	4	HHH
8	14. okt	Tæki og aðferðir til að draga úr umfangi umhirðustarfa. Fjallað um nýja tækni, léttitæki og fleira. Einnig fjallað um vistvænar aðferðir við umhirðu og tæki sem tengjast því.	4	HHH
9	21. okt	Heimsókn í Hafnarfjörð þar sem Ingibjörg Sigurðardóttir segir frá því hvernig umhirða er skipulögð og framkvæmd hjá Hafnarfjarðarbæ.	4	IS
10	30. okt	Skoðunarferð í Kirkjugarða Reykjavíkurbíofastdæma. Skipulag og umhirða kirkjugarða og grafreita. Kári Aðalsteinsson garðyrkjustjóri Kirkjugarða Reykjavíkurbíofastdæma fjallar um helstu reglur sem gilda um kirkjugarða og svo helstu umhirðuverkefni þar og aðferðir. Verkefni 3 (10%) lagt fyrir.	8	KA
11	4. nóv	Kynning á skipulagi umhirðu hjá sveitafélagi. Berglind Ásgeirsdóttir kemur og segir frá umhirðuskipulagi Reykjanesbæjar.	4	BÁ
12	11.nóv	Verkefnavinna og aðstoð í tíma. Upprifjun.	4	HHH

Sérreglur áfangans:

Skyldumæting er fyrir alla nemendur í lotuvikur þar sem verklegir tímar og skoðunarferðir eru jafnan á dagskrá. Skyldumæting er í alla tíma fyrir staðarnema, nema annað sé tekið sérstaklega fram.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1	Grasumhirða	10%
Verkefni 2	Umhirðuþættir	20%
Verkefni 3	Kirkjugarðar	10%
Lokapróf	Bóklegt lokapróf í lok annar	60%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 29.08.25